

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hrísey árið 1997.

1. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1997 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

Sorphirðugjald á íbúð kr. 5.250

Sorphirðugjald á sumarbústað kr. 2.925

Sorphirðugjald á fyrirtæki kr. 735/m³

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 21. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

29. janúar 1997

Nr. 71

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 392, 22. september 1993 um Náttúruverndarþing.

1. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 392, 22. september 1993 um Náttúruverndarþing.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 93/1996 um náttúruvernd, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. janúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Eyvindur G. Gunnarsson.